

AUGLÝSING

um skipulag í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Kirkjubæjarhrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

23. ágúst 1968.

Nr. 229.

REGLUGERÐ

um þjóðgarðinn í Skaftafelli í Öræfum.

1. gr.

Ferðamönnum eru frjálssar gönguferðir um allan þjóðgarðinn nema um ræktuð svæði.

2. gr.

Bílum ferðamanna er leyfilegt að aka veginn upp að túnhliðum Skaftafellsbæjanna, en hvergi utan þess vegar, nema að þeim stað, skammt suður af aðaltjaldstæði við Bæjargil að vestan, sem merktur er sem bílastæði. En leggist Skeiðará frá Skaftafellsbrekkum svo að bílfært verði neðanundir þeim inn í Morsárdal, verður leyfilegt að aka inn aurana þar sem þeir eru ógrónir.

3. gr.

Aðaltjaldstæði í þjóðgarðinum verður fyrst um sinn upp með Bæjargili að vestan, skammt suður af Svartafossi. Möguleiki mun þó á að fá tjaldstæði fyrir nokkur tjöld annars staðar í þjóðgarðinum í samráði við gæzlumann. Tekið skal fram, að tjaldstæði verða ekki leyfð á gróðurlendi neðan við Skaftafellsbrekkur og ofan akveggar.

4. gr.

Í náttúruvernd Skaftafells felst, að bannað er að vinna nokkur spjöll á náttúrunni, svo sem brjóta greinar af trjám, grafa upp plöntur, trufla fuglalíf að óþörfu og hrófla við stuðlabergsmyndun og öðru slíku. Þess er að sjálfsögðu vænt, að menn gangi snyrtilega um, skilji hvergi eftir neinn úrgang og sýni yfirleitt góða ferðamenningu.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 48/1956, um náttúruvernd, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. ágúst 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.